

Ed. 423. Frumvarp til laga [215. mál]

um breytingu á lögum nr. 73/1980, um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. l. nr. 38/1987.

Flm.: Guðrún Agnarsdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir.

1. gr.

1. mgr. 25. gr. laganna orðist svo:

Útsvar skal vera ákveðinn hundraðshluti af tekjum hvers almanaksárs, en má þó eigi vera hærra en 7,5% af tekjum manna með allt að 2 500 000 kr. á ári og allt að 9% af tekjum manna með yfir 2 500 000 kr. á ári.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1988.

Greinargerð.

Samkvæmt nógildandi lögum er innheimt útsvar ákveðinn hundraðshluti af tekjum og gildir þá einu hvort um háar tekjur eða lágar er að ræða. Sama er um tekjuskattinn; nógildandi lög kveða á um eina og sömu skattprósentu á háar tekjur sem lágar.

Kvennalistinn telur eðlilegt að beita skattalögum til tekjujöfnunar í þjóðfélaginu og leggur því til að skattþrepin verði tvö bæði við álagningu útsvars og tekjuskatts. Kvennalistinn flytur breytingartillögu við 179. mál, frumvarp um breytingu á tekjuskattslögunum. Tillagan felur það í sér að greiddur verði 33% skattur af hæstu tekjum, þ.e. af tekjuskattstofni yfir 2 500 000 kr. á ári. Frumvarpið, sem hér er fram borið, gerir svo ráð fyrir að útsvar af hæstu tekjum geti orðið allt að 9%. Samtals gæti því álagning á hæstu tekjur orðið 42%, en samanlagður tekjuskattur og útsvar á tekjur þar fyrir neðan getur numið allt að 36% samkvæmt ákvæðum nógildandi laga.